

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1085

Dagsetning: 14. október 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ) sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað, Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 7. október 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn og viðburði næstu mánaða sem fulltrúar úr framkvæmdastjórn vilja sitja.

3. Þjónustukönnun stoðsviða

A. Þór Þórsson mannauðsráðgjafi kom á fundinn og kynnti niðurstöður þjónustukönnunar stoðsviða. Almenn tóla stoðsviðin hærri einkunn en í sambærilegri könnun sem gerð var fyrir tveimur árum. Ákveðið var að kynna niðurstöðurnar fyrir stoðsviðunum og svo fyrir starfsfólki stofnunarinnar.

4. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

5. Kvænnafrí 24. október

Upplýst var að boðað hefur verið til kvænnafrís föstudaginn 24. október. Boðað hefur verið til baráttufundar á Arnarhóli síðdegis. Ákveðið var að senda skilaboð á stjórnendur til að tryggja að þeir séu upplýstir og tryggi að bráðum erindum verði sinnt.

6. Staða aðsendra erinda

Fjallað var um hvernig tryggja megi yfirsýn framkvæmdastjórnar yfir innsend erindi, hver sé ábyrgur fyrir að senda svar og hvenær svar er sent. Ákveðið var að hafa sérstakan lið á vikulegum fundum framkvæmdastjórnar með erindum sem hafa borist.

7. Tilnefningar í starfshópa

Rætt var um hvaða fulltrúa HH tilnefni í starfshóp um stefnu í fjarheilbrigðisþjónustu. Einnig rætt um fulltrúa HH í starfshóp um endurskoðun á aðgerðaráætlun um líknarþjónustu og eflingu lífslokameðferðar.

8. Ferli við bókun 2

Umræður um ferlið við bókun 2 í kjarasamningi BHM við ríkið. Ákveðið var að taka saman upplýsingar um hvernig fyrirkomulagið hefur verið undanfarið og ræða málið áfram.

9. Geðheilsuteymi

Rætt var um stöðu og fjármögnun geðheilsuteyma HH.

10. Samþætting heimaþjónustu í Kraganum

Kynntar voru hugmyndir um að samþætta heimaþjónustu í Kraganum með sama hætti og gert hefur verið í Mosfellsbæ. Framkvæmdastjórn samþykkti að óska eftir styrk til tveggja ára frá heilbrigðisráðuneytinu til að ráða verkefnastjóra til að leiða verkefnið.

Aðgerðir og verkefni

- Kynna þarf niðurstöður úr þjónustukönnun stoðsviða fyrir stjórnendum sviðanna, sjá lið 3.
Ábyrgð: HP, SJ
- Vinna þarf drög að skilaboðum til stjórnenda tengt kvennafríi, sjá lið 5.
Ábyrgð: BJ
- Ræða þarf við skrifstofustjóra um nýtt fyrirkomulag tengt innsendum erindum, sjá lið 6.
Ábyrgð: BJ, RÓE
- Tilnefna þarf fulltrúa HH í tvo starfshópa hjá heilbrigðisráðuneytinu, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM
- Taka þarf saman gögn um fyrirkomulag vinnu í tengslum við bókun 2, sjá lið 8.
Ábyrgð: SJ
- Skoða þarf áfram fjármögnun geðheilsuteyma, sjá lið 9.
Ábyrgð: IDH
- Sækja þarf um styrk vegna vinnu við samþætta heimaþjónustu í Kraganum, sjá lið 10.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10